

375. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn á Microsoft Teams, fimmtudaginn 15. maí 2025 kl. 16:00.



Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Elsa Nielsen, Garðar Svansson, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Teams: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti og Daníel Jakobsson.

Forföll: Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Dagskrá:

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

1. Íþróttaping ÍSÍ

Andri Stefánsson fór yfir helstu þætti varðandi 77. Íþróttaping ÍSÍ sem haldið verður 16. og 17. maí nk. Undirbúningurinn hefur gengið vel.

2. Afreksíþróttir

Kári Steinn Reynisson rekstrarstjóri ÍSÍ kom inn á fundinn og fylgdi eftir uppfærslum á drögum að reglugerð um kostnaðarþátttöku vegna landsliðsstarfs ungmenna og viðmið. Drögin voru til umfjöllunar á síðasta fundi framkvæmdastjórnar og voru þá gerðar nokkrar athugasemdir. Búið er að uppfæra skjölin með hliðsjón af þeim breytingum. Framlögð reglugerð um kostnaðarþátttöku vegna landsliðsstarfs ungmenna og viðmið samþykkt.

3. Frá svæðisstöðvum

Framkvæmdastjóri skýrði breytingum á starfsmannahópi svæðisstöðvanna.

Guðbjörg Ebba hefur sagt upp störfum á svæðisstöð Vestfjarða og hefur Helgi Dan Stefánsson verið ráðinn í hennar stað.

Björg Ásta Þórðardóttir sem ráðin var tímabundið inn á svæðisstöð höfuðborgarsvæðisins vegna veikinda starfsmanns hefur snúið sér til annarra starfa og hefur Patrekur Jóhannesson verið ráðinn í fast starf á því svæði.

Lögð fram verkefnaskýrsla frá svæðisstöðvunum. Skýrslan hefur verið send til sambandsaðila ÍSÍ til upplýsingar.

4. Staðfesting þátttakenda á Smáþjóðaleikum í Andorra 2025

Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfesti með rafrænum hætti þátttakendalista fyrir Smáþjóðaleikana í Andorra og er sú staðfesting hér formlega bókuð í fundargerð.

5. Ársfundur Lyfjaeftirlits Íslands

Ársfundur Lyfjaeftirlits Íslands verður haldinn mánudaginn 19. maí nk.

Samþykkt að Hafsteinn Pálsson og Andri Stefánsson verði fulltrúar ÍSÍ á fundinum.

6. Erindi til framkvæmdastjórnar

Lagt fram bréf Héraðssambandsins Skarphéðins þar sem komið er á framfæri tillögum frá þingi HSK, er snúa að ÍSí.

7. Heiðranir

Framkvæmdstjórn ÍSí samþykkti með rafrænum hætti á milli funda viðbót við áður samþykktu Heiðursfélaga ÍSí sem tilkynnt verður um á Íþróttabínginu á morgun. Heiðursfélagar ÍSí sem tilkynntir verða á þinginu eru:

- Birna Björnsdóttir,
- Guðmundur Pétursson,
- Jón M. Ívarsson,
- Jón Hjaltalín Magnússon
- Sigurjón Pétursson

Tekin fyrir tilnefning frá Dansíþróttasambands Íslands um heiðrun til Auðar Haraldsdóttur danskennara. Samþykkt að sæma Auði með Gullmerki ÍSí á ársþingi DSÍ síðar í mánuðinum.

Tekin fyrir tilnefning Íþróttabandalagi Reykjanesbæjar um heiðrun til Ólafs Þórs Eyjólfssonar hjá Umf. Njarðvíkur. Samþykkt að sæma Ólaf Þór Gullmerki ÍSí á ársþingi ÍRB síðar í mánuðinum.

8. Frá ársþingum sambandsaðila

Fjöldmörg þing sambandsaðila hafa verið haldin undanfarnar vikur.

Stjórn Glímusambands Íslands sagði af sér á ársþingi sambandsins 10. maí sl. og var skipuð bráðabirgðastjórn fram að framhaldsþingi. Bráðabirgðastjórn hefur staðfest einn þingfulltrúa á Íþróttabínginu á morgun, í samræmi við innsent kjörbréf.

Rætt um önnur þing sambandsaðila, sem haldin hafa verið á milli þinga.

9. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og staðfestar:

- 374. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí.
- 335. fundur Afrekssjóðs ÍSí. **Tillaga sjóðsstjórnar um niðurfellingu að upphæð kr. 1.647.600,- samþykkt, til viðbótar við fyrri niðurfellingar.**

10. Önnur mál

Viðar Garðarsson þakkaði fráfarandi forseta og fráfarandi stjórnarfólki kærlega fyrir samstarfið og þeirra góðu störf. Aðrir fundarmenn tóku heilshugar undir orð Viðars.

Lögð fram kveðja frá Hildi Karen Aðalsteinsdóttur fráfarandi meðstjórnanda í framkvæmdastjórn, frá því fyrr í dag, þar sem hún þakkar fyrir samstarfið og óskar nýrri stjórn alls góðs.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.